STJÓRNARTÍÐINDI B 86 – 1994

16. nóvember 1994 2089 Nr. 590

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 405, 15. júlí 1994, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1994/1995.

1. gr.

2. tl. 3. gr. breytist og orðist svo:

2.	Úthafsrækja	63.000

2. gr.

2. mgr. 4. gr. orðist svo:

Úthafsrækja, sem veidd er á Dohrnbanka vestan 26°00'V og norðan 65°30'N telst ekki til aflamarks af úthafsrækju, enda staðfesti skipstjóri nákvæmlega í afladagbók og aflaskýrslu hversu mikill afli sé fenginn á því svæði. Rangar eða villandi upplýsingar leiða til þess að allur rækjuafli skipsins reiknast til aflamarks í rækju.

3. gr.

Í stað 3. mgr. 22. gr. komi tvær nýjar málsgreinar er orðist svo:

Í einni og sömu veiðiferð er óheimilt að stunda veiðar bæði innan og utan fiskveiðilögsögu Íslands. Þetta gildir þó ekki, haldi skip til veiða utan lögsögunnar á loðnu, úthafskarfa, blálöngu eða síld.

Heimilt er þó með samþykki Fiskistofu að víkja frá banni samkvæmt 3. mgr., enda hafi afli og aflasamsetning um borð í fiskiskipi verið staðfestur með fullnægjandi hætti, að mati Fiskistofu, áður en skip flytur sig milli veiðisvæða innan og utan fiskveiðilögsögunnar.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 16. nóvember 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.

Stjórnartíðindi B 86, nr. 590. Útgáfudagur 17. nóvember 1994.

B 146

Steindórsprent Gutenberg hf.